

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 16. september 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Þorsteinn Finnbogason, Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnson, Magnús Sigurðsson, Ólafur Elísson, Hafsteinn Gunnarsson, Benóný Friðriksson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var síðan samþykkt samhljóða.

- 1. Upphaf skólastarfs og horfur:** Skólameistari fór yfir upphaf skólastarfs og kom þar ma. fram að nemendur eru 345, fleiri en nokkru sinni, en starfsmenn svolítið færri en í fyrra. Breytingar á starfsliði eru helst þær, að Sigurður Vilhelmsson, Steinunn Jónatansdóttir og Sigurgeir Jónsson hverfa til annarra starfa, en Ragnar Óskarsson fer úr heilli stöðu í tæplega hálfu. Erpur Snær Hansen, Guðjón Jónsson og Ólöf Margrét Magnúsdóttir voru ráðin í hlutastöður og sömuleiðis Olga Sædis Bjarnadóttir stuðningsfulltrúi. Nokkrir af starfandi kennurum fóru í hærra stöðuhlutfall og stundakennarar eru færri en á síðasta skólaári. Þessar breyting skila upb 5-6 milljóna sparnaði til áramóta, mest vegna þess að yfirvinna er nú 36% minni en á haustönn 2008. Framundan er að taka upp þráðinn í námskrárvinnu, í samstarfi við MÍ, FNV og VA. Einnig er verið að ganga frá samningi um að setja lýsingu á skólahúsið að norðan og tilboða í brunastiga á vesturenda er leitað. Gerð fjárlaga fyrir næsta ár er ekki lokið, en við þurfum eins og aðrir að sæta einhverjum niðurskurði (líklega 2-3%).
- 2. Staða grunnskólanemenda í FÍV:** Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að ekki verði greitt fyrir nám (einingar) grunnskólanema í framhaldsskólum, á árinu 2010. Skólinn hefur fengið bréf uppá það, að þessu fylgi niðurskurður um 8 nemendaígildi (líkl 5-6 milljónir). Þessu hefur verið mótmælt, en í námi hjá. okkur nú er 41 grunnskólanemi, þar af 14 á Hvolsvelli. Talsverð umræða varð um þetta mál og ýmislegt sem tengist flutningi nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla. Voru fundarmenn sammála um að þetta væri stórt skref afturábak, því möguleikinn á að komast fyrr inn í framhaldsskóla hefur aukið metnað og haft margskonar jákvæð áhrif á viðhorf nemenda í efstu bekkjum grunnskólans. Skólameistara og formanni skólanefndar var falið að leita leiða til að hægt yrði að þjóna þessum nemendahópi innan Framhaldsskólans amk til vors.
- 3. Önnur mál:** Nýr fulltrúi nemenda í nefndinni, Benóný Friðriksson var boðinn velkominn og fór hann yfir það sem helst er á döfnni í félagslífinu. Spurt var um stöðuna varðandi hugsanlega íþróttakdemíu og hvöttu fundarmenn til þess að því máli yrði fylgt eftir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:05 .

Ólafur H. Sigurjónsson